


4 janúar 2017

# The Beatles. -

## Penny Lane.



Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.  
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.  
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint



Myndin til vinstri er frá Liverpool og fæðingurborg Bítlanna. Hún er af safni sem komið hefur verið upp í kringum merkilega sögu frægustu rokkhljómshjúpsveitar allra tíma sem heiminum gengur frekar illa að gleyma af því einu að hafa engan áhuga á. Sumt sem gert hefur verið af mönnum er fyrir fólki allt að því helg vé án þess þó að falla fram fyrir því í tilbeiðslu, eins og á við um trúariðkunina. Ekkert slíkt er í gangi með The Beatles. Eitt er að virða verk fólks og meta að verðleikum og annað að trú á. Jesú einn er þar verður. Við metum góð verk manna og kvenna sem með okkur eru í samtímanum og gleðjumst margvíslega af. Maður er manns gaman. Samt ráða menn sjálfir til hvers þeir horfi og hverju þeir velja fyrir sig að treysta.

Þegar Bítlarnir voru og hétu komust þeir næstum því í Guðatölu hjá mörgum áhangenda sinna. Svo hátt skrifuðust þeir að jaðrar við hreina tilbeiðslu og engin

sem lifði þrætir fyrir og sumpart var þátttakandi í með grúanum. Bítlarnir báðu ekki um neina tilbeiðslu en við samt mörg hver gerðum beint og eða óbeint. Af virðingunni einni saman.

Á þessum tíma var margt um að vera kringum hljómsveitir, hljóðver, plötuútgáfu, fatatísku og annað sem þá var og skapaðist. Margt annað var líka þarna með sem ungmenni sum söguðust að og því miður einnig fíkniefnum sem hampað var af einstaka manni. Þau eru svona dökki bletturinn á þessum áratug sem margir kalla áratug The Beatles og hljómsveitanna með öll þessi moldríku ungmenni fram komin og á allra vörum seljandi hljómplötur í stórum upplögum og vellauðugt af allri hljómplötusölunni og vissu ekki aura sinna tal. Sterk bein og mikla visku þarf til að standast og þola svo miklar breytingar hjá sér og læra að fara með hann svo sómi sé að og auðurinn verði til góðs fyrir líf manneskja.

Að færast frá því að vera einungis þekktur í kunningjahópnum yfir í að önnur hver manneskja viti á manni deili og hafi á skoðanir eru miklar breytingar á högum sem fólki gengur misvel að höndla og vinna úr. Þeim sem það tekst, sem eru margir, ekki gleyma því, fara í gegnum þetta heilir og komast óskemmdir frá borði, er allt er um garð gengið. Slíkt fólk hefur sigrað eigin kringumstæður og beitt hyggindum í ferlinu. Málið er að vera áfram með báðar færur á jörðinni og gleyma ekki að þrátt fyrir allt er maður sjálfur bara manneskja sem þarf sitt skjól, vini og vernd þeirra. Fæst af þessu unga fólki sem skyndilega varð stöðugur fréttamatur og vellauðugt í ofanálag á einni nóttu kom frá efnuðum fjölskyldum. Engin af Bítlanum státa af slíkum uppruna heldur voru af miðstéttarfólki komnir, þó annar veruleiki blasi við þessu fólki í dag.

Miklar sveiflur fylgdu sjöunda áratug seinustu aldar og eru til ummæli frægra hljómsveitarmeðlima að síst af öllu biðji þeir um að þetta sem þá gerðist verði endurtekið í sínu lífi. Og meintu þá ágang aðdáenda allra þessara frægu hljómsveita saman við sveiflurnar og hvirfilbyljuna sem riðu yfir og fylgdi með þessu tímabili.

Burtséð frá þessu og öllu tilfinningarótinu í blessuðu fólkinu sem hreyfst úr hófi fram að þá var sannleikurinn samt að tímann sinn tók marga að átta sig á að sjöundi áratugurinn væri eitthvað alveg sérstakt og meira en „tómur skrípaleikur fólks sem nennti ekki að vinna“, eins og sumir töldu og oft var sagt.

Kvikmyndaiðnaðurinn til að byrja með sýndi þessu ekki mikinn áhuga og gerðu fréttamenn stólpagrín að brölti þessara manna og kvenna og fjölluðu ekki mikið um ástandið. Væri slíkt gert var umfjöllunin oft merkt háði og spói þess sem pennanum mundaði. Til að byrja með alltént var svo. Líkleg ástæða er að þeir sem réðu kvikmyndabransanum á þessum tíma sjá ekkert sérstakt við það sem þessar hljómsveitir aðhafðast og að þetta fólk sem að þeim stóð hafi ekki vakið þeim neinn sérstakan áhuga og talið að væri allt saman bara loftbóla og til lítills að þúkka mikið upp á rokkaranna né leggja í vinnu og kostnað þeim tengdum. Einnig þetta átti eftir að breytast og það ekki svo löngu eftir að Bítlaæðið allt er hafið og hasarinn komin vel af stað. Ötrúlegt magn af öllu og engu fylgdi með og flæddi yfir löndin. Og mig og þig líka, sem ekki má gleyma. Bítlaæðið dró langt.

Haft var eftir John Lennon er hann í upphafi frægðarferils Bítlanna í samtali við fréttamann sjónvarpsstöðvar sem spurði hve lengi hann teldi að þetta ástand stæði. John sagðist geta verið montinn og sagt tíu ár en sjálfur teldi hann þetta endast í hæsta lagi sex mánuði. Þetta var líkleg árið 1963. Bæði sex mánuðirnir og tíu árin eru að baki fyrir nokkru. Rúmlega hálfri öld frá ummælum Lennons er enn heitt í þessum glóðum og eldurinn langan veg frá að

vera útkulnaður. Svo mikið varð bálið, hasarinn og fjörið á þessum árum um gervallan heim að enn er eftir talsverður hiti í glæðunum.

Að heimurinn hlypi allur með, réttara sagt, yngri partur hans, líka áhugavert, tók ekki svo langan tíma og til ágætar skíringar á hví slíkt gat gerst og þarf ekki nema að horfa til tækninnar sem kominn var. Skíringar allar eru þar að finna og í símtækjunum sem ná orðið milli landa, telextækjanna sem menn geta sent með fréttir langan veg og blöð og útvarpstæki heima hjá fólkinu fluttu og gaf því margskonar upplýsingar gegnum þessa miðla. Telextækið kemur um svipað leiti og síminn og notaður með hans hjálp og hringt í sérstakt telex-símanúmer. (Faxtæki á íslensku? Hét það ekki það?) Við sjáum að til eru leiðir til að láta fréttina ganga hratt fyrir sig þegar á sjöunda áratug seinustu aldar þó í engu sé þar saman að jafna við kraðak nútímans með öllum sínu beinu útsendingum gegnum snjallsímanna.

### Höldum ögn áfram með Lennon-

Í samtali sem birt var við hann 21 apríl 1975 segir John í yfirskrift samtalsins að sjálfur sé hann orðinn hundleiður á Bítalöggunum, og að í hvert sinn sem þessi lög heyrist í útvarpinu skipti hann um rás og spili aldrei plötunna heima nema einhver sé hjá honum og vilji ólmur heyra eitthvert þessara laga eða þau öll sem platan innihaldi, að þá láti hann það eftir honum. Fram kemur í texta blaðamanns að sjálfur eigi hann heiðurinn að flestum þeirra með fyrrum spilafélaga sínum Paul McCartney og án söngvanna og athyglinnar sem allt þetta vakti hefði hann ekki orðið sá milljónari sem hann varð og vellauðugi maður.

Skíringin sem John gefur er að hann hafi heyrt þessi lög svo oft á útvarpsstöðvunum að vera orðin yfir sig leiður á þessum söngvum. Og bætir við að yfirleitt séu sömu lögin spiluð aftur og aftur, og telur að ekki sé neitt afskaplega einkennilegt við það þó hann þoli vart meira.

Ekki kvaðst hann vilja nefna hverja laganna honum myndist leiðinlegust en nefndi þó að eitt sinn hafi lag McCartney „Penny Lane“ verið í sérstöku uppáhald hjá sér en teldi, er samtalið fór fram, vera með þeim leiðinlegri í Bítlaöskjunni um þær mundir:

„Vinna okkar var góð,“ segir hann þó. „Lögin veittu flestum mikla ánægju, líka okkur í þá daga. Nú hef ég snúið mér að öðru“- segir Lennon orðrétt í téðu samtali. Allir vita að Lennon fékkst ásamt konu sinni Yoko Ono við friðarmál í heiminum eftir að Bítlarnir höfðu lokað á frekara samstarf sveitarinnar. Svo sem góð og göfug hugsun og hugsjón en árangur ekki mikill og þarf ekki nema að horfa yfir til heimsins nú um stundir og sjá veröldina eins og hún er útlítandi. Ekki mikill friður þar og verður víst seint.





## Skoðum álit erlendra manna á bestu lögum Bítlanna.



Birt var í júní 2001 af tónlistartímaritinu UNCUT könnun sem blaðið gerði á meðal tónlistarmanna og fleiri aðila, um hvað af 50 lögum Bítlanna væru best og ljós kom að 8 af 10 lögum sem fengu flest atkvæði væri John Lennon höfundur að. Þetta vakti nokkra athygli því fram að þessari könnun var talið að nokkurt jafnræði ríkti milli aðdáunar á verkum Johns og McCartneys. Fram kom að lag eftir McCartney komst aldrei ofar en upp í 9 sæti og er það söngurinn „Helter Skelter“, sem á topp tíu er tveimur sætum á eftir lagi Harrison „Something“ sem samkvæmt þessu hefur þá hafnað í sjöunda sætinu.

Lagið sem hlaut toppsætið hjá fólkinu sem tók þátt í könnun popptímaritsins var söngurinn knái „I Day In MyLife“ sem er loklag hljómplötunnar „Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band“- frá árinu 1967 og er talið tímamótaverk og hrein snilld. Þetta lag telst því besta Bítlalagið og lagið sem sé mest leiðandi samkvæmt niðurstöðu þeirrar könnunar sem gerð var 2001. Í þessu lagi er McCartney sagður eiga millikaflann en lagið sé að öðru leiti hugverk Lenbons.

Myndin til hægri er tekin árið 1964 og tengist frumsýningu Bítlamyndarinnar „Hard Days Night“- í kvikmyndahúsi.

Lagið sem hreppti annað sætið er einnig verk Lenbons og söngurinn „Strawberry Fields Forever“ og kom út í febrúar 1967 á lítilli hljómplötu, líka nefnd „Smáskífa“. Hin hlið smáskífunnar innihélt lag Cartneys „Penny Lane“ sem í sömu könnunni var talið 15 besta Bítlalagið. Þess má geta að söngurinn „Penny Lane“ var talið aðallag smáskífunnar er hún kom út. Lögin koma svo koll af kolli og er lagið í þriðja sæti söngur Lenbons „Im The Walrus“. Söngurinn sem velgdi fjórða sætið er „Tomorrow Never Knows“ „In My Life“ hafnaði í fimmta sæti „Across The Universe“ í því sjötta. B- hliðarlagið „Rain“ í því áttunda. og í tíunda sæti „Happiness Is A Warm Gun“.



Þeir sem þátt tóku í þessari athugun blaðsins voru eitt hundrað tónlistarmenn, upptökustjórar, höfundar tónlistarbóka, skáld, leikarar og leikstjórar á öllum aldri og úr öllum áttum. Lengi var talið að söngur Sir Paul McCartney „Paperback Writer“ næði langt en endaði er allt hafði verið talið í ellefta sæti.

Blaðamenn UNCUT veittu sérsaka athygli hve menn sem þátt tóku hömpuðu sérstaklega sínum eigin Bítli og völdu lög með honum. Og áttu þá við að menn hafi einvörðungu tekið lög eftir Lennon, McCartney og eða Harrison og sett þau fram. Einnig kom fram að allmargir þátttakendur hafi viljað nefna alla B- hlið plötunnar „Abbey Road“ sem samkvæmt ströngustu reglum ekki er mögulegt að flokka sem eitt lag og kom því ekki til álita.

Ekki er ólíklegt að fleiri svona kannanir hafi verið gerðar á hvert laga Bítlanna fólki þætti best. Er allt svona lagað eins og menn vita smekksatriði og val mitt annað en þitt, hefðum við tækifæri á að segja álit okkar. Könnun af þessum toga getur því aldrei birt ranga niðurstöðu

sem slík með það til hliðsjónar að á meðan einum fellur söngur í geð er val hans rétt. Að meta eina og aðra list er raunverulega útilokað mál. Til þess erum við manneskjurnar of ólíkar og smekkur allur ólíkur.

## Aftur að hinu.

Myndin til hægri er frá árinu 1964 og er af frumsýningu myndarinnar „Hard Days Night“ sem er leikin mynd um Bítlanna sem þeir fara með aðalhlutverkið í sjálfir. Myndin er um leið ágætis heimild um tíðarandann sem ríkti á þessum tíma og sýnir við hvaða aðstæður þeir bjuggu mitt í öllu þessu Bítlaæði sem geisaði um heiminn og engin réð neitt við né fékk stýrt.



Áhuginn byrjar ekki að vakna í ranni kvikmyndanna að neinu ráði fyrir tónlistarfólki og hljómsveitum fyrr en með velgengni The Beatles og ljóst orðið að þar væri eitthvað í alvöru og sérstakt að ske og mikil bylgjan þegar farin að rísa sem ekki væri með neinum einföldum hætti hægt að stöðva né burtskíra og hvert sjáandi auga gat ekki lengur leitt framhjá sér að væri annað en þarna á ferð og raunveruleiki sem þyrfti að viðurkenna og kannski kíkja ögn meira á. Og smá saman fór kvikmyndafólkið að fá áhuga. Kannski var byrjunin að menn ákváðu að fylgja Bítlanum eftir hvert fót mál og taka allt upp sem í kringum þessa menn gerðist á tónleikaferðunum og flytja umheiminum í formi fréttu. Þetta fyrirkomulag jók hróður sveitarinnar stórum. Allt á methraða og áður óþekktum. Margar þessara mynda eru af atburðum líðandi stundar og eru í dag aðgengilegar á YouTube. Í reyndar misjöfnum gæðum. Bítlaæðið var ógerningur í framkvæmd kæmi ekki til sú tækni sem þegar var verið að nota í heiminum saman við stöðuga aukningu plötuspilara sem í byrjun æðisins var ekki almenn eign fólks en varð upp frá því. Mikil vaxtakippur hljóp í framleiðslu tækja margskonar í kringum hljóm sem og fyrir augað, sjónvarpsskjái.

Á þessum tíma nær útvarpstæknin orðið langt og teygir sig sumpart milli landa eins og sumir sem til þekkja vita er þeir á Íslandi náðu erlendum útvarpsstöðvum heima hjá sér við rétt skilyrði og eftir að hafa komið sér upp öflugum loftnetum sem áhugamenn á sviði útvarpsendinga gerðu og státuðu af og töluðu um næðist útvarpstöð sem allra lengst í burtu frá þeim stað sem þeir voru staddir á og vel heyrðist í. Varð þá glatt á Hjalla. Allt til að gera æði eins og Bítlaæðinu kleyft að ná fótfestu og breiðast út með hraða, ekki kannski ljóssins, en talsvert meiri en snigilsins. Hvenær áður hefur allur heimur legið undir líkt og var á Bítlaæðistímanum? Aldrei. Enda gersamlega óframkvæmanlegt án skilyrðanna sem tækin buðu og drifu lengra en áður hafði verið þekkt. Skilyrðin lágu í söngvum Bítlanna og tækjadótinu sem notuð voru til að flytja fólkinu söngvanna. Tæknin og geta hennar er málið í hnotskurn sem og gerir sjálf Bítlaæðið að sérstökum kapítula í sögunni og að veruleika og möguleika til að vera samtímis í allri veröldinni líkt og stússið kringum The Beatles í grunninn var háttáð. Að samstillta ungmenni heimsins eins og gerðist var mögulegt með hjálp útvarpstækninnar og hljómplötunnar og græjanna heima í stofu. Ekkert minna heldur en þetta þyrfti.

Hinn gríðar mikli áhugi vakti sína athygli og allir sem voru í einhverju sem var skapandi sjá ýmsa möguleika komna upp sem sumt af þessu fólki vildu vera með í og gerði ráðstafanir til að af gæti orðið. Og hraðinn á þessu jókst eftir að auknir peningar fóru að vera með og meira

sýnilegir. Að þeirri stund kom að allt Bítlatengt seldist. Grasið sem Bítlarnir gengu á gerði sitt og til frásaga af ungri stúlku sem sá hvar Ringo steig niður fæti og fleygði sér til jarðar og reif upp grasið þar sem skósóli trommarans knáa áður huldi og stakk upp í sig og át. Hér eru engar ýkjur sagðar heldur verk sem gert var mitt í sefjuninni og er Ringo frétt af þessu sagði hann: „Ég vona að stúlkugreyinu hafi ekki orðið bumbult af“- eða eitthvað í þeim dúr. Rúmfötin sem Bítlarnir lágu við á hótélherbergjum á tónleikaferðum sínum voru klipptar í ræmur og seld af hótélhöldurunum sjálfum sem sönnuðu fyrir kaupendum sínum að Bítlarnir hefðu notað akkúrat þessi rúmföt á meðan þeir gistu á staðnum. Með atferli sínu juku þeir eilítið veltu hótelsins. Allt seldist og um meira beðið. Kannski á einhver enn lakræmu frá þessum tíma sem Bítill svaf á. Ekki slæmt það.

Þeir sem ráku sjónvarpstöðvar og eða útvarpstöðvar sem gerðar voru út á auglýsingar byrja að herja á þessa menn með símhringingum og fá til að koma í viðtöl á útvarpstöð sína og eða spjall, oft símleidis, sem jók máski hlustunina á meðan samtalið stóð eitt hundrað prósent.

Þekkt er sagan af því þegar Bítlarnir voru í Bandaríkjunum og komu fram í þættinum „Ed Sullivan Show“ sem þá var gríðarvinsæll og margir sem sáu Kanasjónvarpið uppi á Íslandi muna vel eftir, að er þeir komu fram í þættinum var áhorfið slíkt að aldrei áður hafði gerst. Til eru lögregluskírslur frá þessum tíma um að ekkert innbrot hafi farið fram í stórborgunum á meðan útsendingin með Bítlunum stóð. Þjófarnir kusu frekar að horfa og hlusta á The Beatles fremja söngva sína og hljóðfæraleik en að setja upp grímuna og brjótast inn þetta kvöld. Þeir biðu dagskrárlokanna og fóru þá til myrkraverka sinna.

Allstaðar voru peningar þar sem Bítlarnir fóru um. Margir græddu á því og mörg pælingin um að græða meira varð til, sem er í lagi með og undir vissum kringumstæðum partur lífsins.

Menn tóku fram kvikmyndavélarnar og byrjuðu að mynda þetta allt saman og færðu með því framtíðinni ómetanlegar heimildir um hvernig Bítlaæðið var útlítandi að var ekki bara einhver bóla sem sprakk við minnsta hnjask heldur komið til að vera. Kannski ekki um alla eilífd en til langs tíma. Það er ljóst því enn í dag og hálfri öld eftir að Bítlagamanið hætti eru menn, margir, enn jafn áhugasamir um Bítlanna og verið hafði. Af hverju? Það sem fólk upplifði í þann tíð var og er einstakt. Þetta er ástæðan fyrir „langlífi þessu“.

Bítlarnir komu aldrei allir saman aftur undir nafni The Beatles eftir árið 1970 og eftir yfirlýsinguna sem barst umheiminum þess efnis að þeir væru farnir af velli.

Árið 1994 varð þó á breyting í kringum Anthology- útgáfunni 1994- 1996. Þá komu þeir saman sem þá voru enn lifandi, þeir Sir Paul, Goerge og Ringo og fullgerðu tvö laga John Lennon „Free As A Bird“- og „Real Love“ sem hann hafði sungið inn á frumstætt kassettutæki og ætlað að vinna meira með síðar, eins og oft er í þessu. Rödd hans var notuð á upptökunni með röddum hinna félaganna að strangt til tekið eru Bítlarnir fjórir með í laginu þó með þessum hætti sé gert. En kemur tæknin okkur til hjálpar sem gerir svona lagað mögulegt. Lögin tvo voru gefin út með Anthology- pakkanum sem var mikið að vöxtum og feikna mikið efni og vel unnið. Gott ef annað hvort þessara laga sem fullunnin voru hafnaði ekki inn á vinsældarlista heimsins. Að The Beatles væru þar á lista og í efri sætum og því efsta var ekki frétt á sínum tíma heldur eitthvað sem bara var og menn orðnir vanir. „Þessir óhreyfanlegu Bítlar“- sagði fólk. Kæmust hljómsveitir upp fyrir þá á vinsældarlista gat það gerst að væri næg ástæða til að segja frá í fréttum. Eftir upptökur á þessum tveim lögum Lennons hafa þeir ekki komið saman. Lést George Harrison í nóvember 2001 að fækkað hefur í Bítlahópnum um helming. Bæði Ringo Starr og Sir Paul McCartney eru iðnir við



tónleikahald og fara báðir mikinn þeim megin línu og eru með árið 2017 líklega allt skipulagt fyrir tónleika sína. Trúir alltént höfundur. Dugnaðarmenn báðir tveir og enn í fullu fjöri.

Söngurinn „Penny Lane“ er eitt verka Bítlanna sem fór sigurför um heiminn og við hér upp á Íslandi fengum til okkar ásamt heimi öllum og hrifumst af og heyrum enn annað veifið og komnir nokkuð nálægt dyrum elliheimilisins. Ekki hafði maður í þann tíð minnstu hugmynd um að á bak við þetta nafn „Penny Lane“ væri gata í Liverpool sem í dag er líklega frægasta og þekktasta götunafn í veröld allri. Höfundur fór að kanna fyrir hvað þetta stræti væri mögulega frægt fyrir annað en að tengjast Bítlunum gegnum söng Sir Paul og finnur ekki neitt sérstakt við það sem aðskilur það öðrum götum margra annarra borga að frægðin hlýtur að tengjast með beinum hætti laginu og hinu að hafa verið beinn tengiliður milli æskuheimila Johns Lennons og Sir Pauls McCartneys sem sagan segir að hafi gengið eftir þessum beina vegi á leið til heimila hvorra annarra. Að vísu hefur maður séð myndefni frá árinu 1935 tengt þessari götu sem sýnir fjölmenni og tívolí og allskonar uppákomur á Penny Lane og sparíklætt fólk farandi þar um þvers og kruss og löggur að stjórna umferðinni og mikið um að vera. Hvort myndefnið tengist einhverskonar hátíðarhöldum í Liverpool- borg skal ósagt látið en margt bendir til að svo sé. Samt sagt óábyrgt. Þekkir höfundur ekki sjálfur til staðháttu í borg þessari og reynir að kynna sér gegnum myndefni sem hann kemst yfir.

Strawberry Fields (Forever), sem er lag eftir John Lennon, var hús í námunda við æskuheimili hans og lék hann sér oft þar á lóðinni sem barn sem, muni höfundur rétt, var í eigu Enska Hjalpræðishersins í borginni. Ástæðan fyrir að þeir velja að gera söngva um þetta er að vilja búa til efni sem minnti á eigin æskulóðir og gerðu með afskaplega eftirminnilegum hætti að fáir gleyma. Annað verður ekki sagt um það mál allt saman.



Hér sjáum við ljósmynd af flygli þeim sem Lennon samdi á fallega sönginn sinn „Imagine“ sem varð afskaplega vinsæll og enn einn söngurinn eftir hann sem lifir með okkur og við hlustum á og fáum ekki leið. Lagið „Imagine“ varð til eftir að Bítlarnir voru hættir og sólóferill Lennons hafin og hægt að finna á plötu frá honum sem heitir eftir laginu „Imagine“ með útgáfuárið 1971. John gaf út nokkrar áhugaverðar hljómplötur á sólóferli sínum sem svo sem óþarft er að fjalla mikið um. Enda af öllum vel þekktar sem á annað borð fylgdust með þessum mönnum og versluðu sér plöturnar.



Ljósmyndin er úr teiknimynd Bítlanna „Yellow Submarine“ sem þótti misheppnuð, hvað sem sagan hefur sagt um það mál. Stundum og með tímanum breytist álit fólks og annað ljós kemst á. Samanber kvikmyndin „Magical Mystery Tour“- með Bítlanum sem tekin var að mestu inn í rútu og farið með henni yfir til Blackpool: „Til að mynda sólsetrið í Blackpool og allt sem gerðist á leiðinni en vandinn sá að ekkert gerðist“- eins og höfundur minnir að Harrison hafi síðar látið hafa eftir sér í umfjöllun um téða kvikmynd. „Magical Mystery Tour“- þótti afspyrnu lélegt verk en fékk eftir á allgóða dóma og þótti framúrstefnuleg og um margt ágæt. „Magical Mystery Tour“ ku hafa verið notuð sem kennsluefni í kvikmyndaskólum og vakið athygli nemenda sem sáu hvernig uppbygging myndarinnar var og hugsunina að baki.

Myndin til hægri er tekin árið 1957 af hljómsveit Johns Lennons „Quarriman“ að spila á skemmtun sem haldin var undir berum himni í heimabæ hans Liverpool. Hvort Paul McCartney sé gengin til liðs við bandið á þessum tíma veit höfundur ekki en sér hann ekki á myndinni, eða þá þekkir ekki. Sé hann þarna með.



Litla myndin hér til vinstri er af svefnherbergi Sir Paul McCartney sem hann hafði á meðan hann enn bjó í foreldrahúsum í Liverpool og gekk Penny Lane- strætið til að hitta vin sinn John Lennon. Engin íburður sjáanlegur heldur bara ósköp venjulegt herbergi Enskis unglings.

Gert til gamans og vonandi einnig nokkurs fróðleiks.  
Kveðja KRF.